

Ed.

233. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

- a. Á eftir orðunum „telst þar til“ í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna bætist inn í: hús-næði, fatnaður, ljós, hiti o. s. frv.
- b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Skal atvinnumálaráðuneytið skipa sérfróða nefnd, sem í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum framfærslunefnda og sveitarstjórna, gerir áætlun um nauðsynlega framfærslu heimilis samkv. gildandi verðlagi á hverjum stað, og birtir sundurliðaða skrá yfir framfærslukostnað, er hún telur fjölskyldum nægilegan á hverjum stað og farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður samkvæmt skránni. Að minnsta kosti tvær konur skulu jafnan eiga sæti í nefnd þessari, og skal önnur þeirra jafnan vera reynd hús-móðir.

2. gr.

Orðin „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim“ í 1. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar framfærsluþurfi að búa utan heimilis framfærslumanns, og skal hann þá fá af almannafé svo sem 1. gr. ákveður. Viðkomandi lögreglustjóri úrskurðar síðan og innheimtir greiðslu þessa hjá framfærslumanni að nokkru eða öllu leyti, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns. Úrskurði yfirvalds í þessu efni má skjóta til stjórnarráðsins.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Yfirvald ákveður, þar sem framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörhörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

6. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Fráskilin kona á rétt á að fá fullnægt úrskurði sinum á sama hátt, en heimilt er þó sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé greitt minna en meðalmeðlag með hörnunum.

7. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Landið er eitt framfærsluhérað, og á sérhver islenskur ríkisborgari rétt á framfærslu í dvalarsveit sinni.

8. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Framfærslumaður eða ríki á sömu framfærslukröfu á hendur húshónða, útgerðarmanni og lærimeistara eins og hjú, skipverji og iðnnemi, ef þau neyta eigi réttar síns.

9. gr.

13. og 14. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

10. gr.

Í stað orðsins „meðlagsúrskurði“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: samningi. Alstaðar þar, sem stendur „meðalmeðlag“ í greininni komi: meðalmeðgjöf.

11. gr.

16. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Í stað orðanna „í heimilissveit sinni“ í 18. gr. laganna komi: hér á landi.

13. gr.

Við 20. gr. laganna bætist: og kemur ekki til niðurfjöfnunar samkv. þessum lögum.

14. gr.

a. Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi:

Sama rétt á og kona öryrkja og manns, sem þjáist af langvarandi sjúkdómi og nýtur eigi dagpeninga úr sjúkrasamlagi, og ennfremur kona manns, sem dvelur langdvölum í fangelsi eða á vinnuhæli.

b. Við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skal konan leggja fram skriflega umsókn og fylgja henni skýrsla gefin af henni sjálfri. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

15. gr.

Á eftir orðunum í 23. gr. „hljóða á nafn hinna yngstu“ komi: Heimilt er að úrskurða meðlag allt að því ár aftur í tímann, ef fjárhagsástæður eru þannig, að þess gerist þörf.

16. gr.

Í stað „ekkjunnar“ í 23. gr. og „ekkjann“ í 24. gr. laganna komi: konunnar og konan.

17. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Meðlög með börnum samkvæmt úrskurði og barnsfararkostnaður skal greiðast

af lögreglustjóra, þar sem úrskurðinum er framvísað. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess krafizt. Meðlagsúrskurðir og barnsfararkostnaður kemur eigi til niðurjöfnunar samkv. lögum þessum.

18. gr.

26. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

19. gr.

Aftan við 28. gr. laganna bætist: í umboði stjórnarráðsins.

20. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal vera framfærslunefnd, skipuð 5 mönnum, til að annast framkvæmdir framfærslumálanna í kaupstaðnum.

Í Reykjavík kys fulltrúaráð verklyðsfélaganna einn mann og verklyðsfélagin í kaupstöðum annarsstaðar einn mann. Bæjarstjórn kys þrjá menn hlutbundnum kosningum. Ráðuneytið tilnefnir einn mann til jafnlangs tíma og nefndarmenn eru kosnir, og er hann formaður nefndarinnar.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Í kaupstöðum skal nefndin vera launuð.

21. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að stofna framfærslunefnd, er skipuð sé þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af hreppsnefnd og formanni, er ráðuneytið skipar.

22. gr.

Aftan við 32. gr. laganna bætist:

Á sama hátt er hverjum einstökum meðlim framfærslunefndar heimilt að áfrýja úrskurði meiri hluta nefndarinnar.

23. gr.

Í stað orðanna „sveitarfélagi sínu“ í síðari málsg. 33. gr. laganna komi: framfærslustjórn.

24. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuáráðuneytið setur reglugerð um tilhögun og framkvæmd framfærslumála á hverjum stað. Meðal annars skal tiltekið í þeirri reglugerð, hvaða kröfur skuli gerðar til heimila og stofnana, sem taka að sér börn og aðra styrkþega, hvernig eftirliti skuli hagað með gamalmönnum, börnum og sjúklingum o. s. frv.

25. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá senda framfærslunefnd eða sveitarstjórn skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilishögum hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum skylt að greina rétt frá högum sínum að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og sveitarstjórnnum.

Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema styrkþegi óski annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðslæknis.

Styrkþega skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálfur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem heilbrigðisnefnd telur sanngjarnt, enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa styrkþega.

26. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Aldrei má framfærslunefnd eða sveitarstjórn sundra heimilum sakir fátæktar.

27. gr.

- a. Í 43. gr. laganna falli niður orðin: „að því leyti sem við verður komið“.
- b. Aftan við sömu gr. bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefndar, samkv. næstu málsgr. á undan, til stjórnarráðsins.

28. gr.

- a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. komi: Félög eða einstaklingar.
- b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá sveitarsjóði skylt að leggja út þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra þar til fullnaðarúrskurður fellur.

29. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem eru undir hennar umsjá, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.

30. gr.

2. málsgr. 48. gr. laganna falli niður.

31. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir heimilisfaðir vinnu, sem nægja mundi til framfærslu heimilisins, eða þiggur nægan framfærslustyrk, en lætur heimilið bjargarlaust vegna drykkjuskapar eða annarar óreglu, og er framfærslunefnd eða sveitarstjórn þá heimilt, að fengnum úrskurði lögreglustjóra, að skylda atvinnurekanda þann, sem viðkomandi vinnur hjá, að greiða allt kaupið eða hluta þess til konunnar, eða ef um framfærslustyrk er að ræða, skal henni afhentur styrkurinn.

32. gr.

- a. 1. málsgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er, sjá vinnufærum framfærsluþurfum fyrir viðunanlegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða, enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum.

Skylt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefir visað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfæris, en geti hinsvegar orðið til þess að hann verði af betri vinnu annarsstaðar.

- b. Í stað orðanna í 2. málsgr. sömu greinar „Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann“ komi: Sveitarstjórn getur látið barnsföður.
- c. Síðasta málsgr. sömu greinar falli niður.

33. gr.

51. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

34. gr.

- a. Í stað „framfærslusveit“ í 52. gr. laganna komi: heimilissveit.
- b. Orðin „að viðlögðu fangelsi skv. 53. gr.“ í lok sömu gr. falli burtu.

35. gr.

53. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

36. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um endurgreiðslu framfærslustyrks og jöfnun framfærslukostnaðar.

37. gr.

54. og 55. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

38. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurgreiða hann ríkinu sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur samkv. þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því ekki stefnt í hættu. Aldrei má þó gera fjárnám í meðlagsúrskurði með börnum né barnsfararfólgu.

Ennfremur getur faðir eða móðir, sem meðlag eiga að greiða, fengið með úrskurði valdsmanns undanþágu frá endurgreiðsluskyldu fyrir lengri eða skemmri tíma, ef ástæður eru fyrir hendi, svo sem veikindi, atvinnuleysi, ómegð eða annað slíkt.

39. gr.

Tvær síðari málgr. 58. gr. laganna falli niður.

40. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Nú vanrækir barnsfaðir að endurgreiða ríkinu meðlag, sem greitt hefir verið samkv. úrskurði, og er þá heimilt að leggja löghald á kaup hans eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má þá hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupum mannsins eða allri fólgunni, er honum ber að greiða.

41. gr.

60. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

42. gr.

61. gr. laganna orðist svo:

Nú deyr foreldri, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og á þá móðir barnsins eða fósturforeldri rétt á að fá hið úrskurðaða barnsmeðlag greitt, sem telst þá styrkur veittur munaðarlausu barni. Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins, áður en hann dó.

43. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður, eða frá

rikinu að barnsföður lifandi, og á hún þá áframhaldandi rétt til meðlagsgreiðslu, svo lengi sem úrskurðurinn er í gildi.

Valdsmaður getur numið úrskurð úr gildi, ef sannað er, að fjárhagsástæðu móðurinnar hafa breytt svo, að tryggt sé, að hún geti alið barnið upp án meðlags.

44. gr.

a. Við 63. gr. laganna bætast nýir töluliðir:

8. Styrkur veittur í veikindum fyrirvinnu heimilis, er eigi nýtur dagpeninga úr sjúkrasamlagi.

9. Styrkur veittur vegna ómegðar.

b. Aftan við setninguna „sem hér um ræðir“ bætist: nema meðlögin, sem ríkið greiðir.

45. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Skýlt er hajarstjórnnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefndar, að ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega, og skal þeim heimilt að ákveða, að svo skuli ekki, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans sjálfs eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, atvinnuleysi hans eða vegna annara óhappa. Ákvörðunum sveitarstjórna getur styrkþegi eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það framfærsluskuld veitt honum til handa.

46. gr.

65. gr. laganna og þær greinar, sem á eftir koma, falli allar niður. Í stað þeirra bætast þrjár nýjar greinar í áframhaldandi röð:

a. Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn atvinnumálaráðuneytinu yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu.

Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður framfærslukostnaði allra sveita á landinu á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna á landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni í samanburði við tilsvareandi fjárhæðir á öllu landinu.

Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar framfærslukostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim bar, samkv. þessari niðurgjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal innheimtu og endurgreiðslu lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

b. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938, og falla þá jafnframt úr gildi öll þau lagaákvæði, er kynnu að brjóta í bága við þau.

c. Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt fyrst og fremst til þess að taka verstu agnúana af núverandi framfærslulöggjöf. Það verður því að lita á þetta frv. sem bráðabirgðabreytingu, á meðan tryggingalöggjöf landsins er ekki komin í það horf, er gerir alla framfærslulöggjöf í núverandi mynd óþarfa. Frv. felur samt í sér allverulegar breytingar á framfærslulöggjöfinni, sem gera hana í senn einfaldari í framkvæmdinni og hagkvæmari fyrir styrkþurfa.

Helztu breytingarnar eru þessar:

1. **gr. frv.** Þó að 1. gr. í nügildandi framfærslulögum eigi að fela í sér skyldu hins opinbera til þess að sjá þeim borgið, sem sjálfir af einhverjum orsökum eru þess ekki megnugir, þá er framkvæmd laganna víðast hvar svo, að styrkþurfinn finnur ekki, að hann eigi neinn rétt. Hið opinbera tekur ekki tillit til neins annars en þess, að framfærslan kosti sem allra minnst á hverju augnabliki. Aðferðin verður auðvitað oft hin dýrasta, þar sem heilsu styrkþurfa er stefnt í voða af skorti á lífsnauðsynjum, auk þess sem slík aðferð hefir siðspillandi áhrif á þá, sem styrk þurfa að þiggja. Enginn mælikvarði er til um það, hver sé réttur þess, sem fullan framfærslustyrk þarf. Til þess að ná einhverju, verður styrkþurfinn oft að heita ýmsum brögðum, t. d. skriðandi auðmýkt eða ofstoppa og frekju, sem að visu er þó sjaldgæfara en orsök er til. Það væri því mikil nauðsyn á að ákveða í lögum um lágmarksupphæð fullkomins framfærslustyrks, sem tryggði styrkþegum rétt til ákveðins styrks, sem þeir gætu krafizt, er þeir hefðu sannað, að þeir þyrftu styrksins með, eins og t. d. dagpeninga í sjúkrasamlagi. Framfærslustyrkurinn er ekkert annað í eðli sínu en trygging, sem allir hafa borgað eftir efnum og ástæðum, og á auðvitað ekki eingöngu að miða að því að halda lífinu einhvernvegin í styrkþurfum, heldur fyrst og fremst að því að tryggja, að þeir geti sem fyrst orðið færir um að verða sjálfbjarga aftur, og þegar um barnafjölskyldu er að ræða, þá að tryggja það, að heilsa og þroski barnanna sé ekki sett á vonarspil.

Sú leið að ákveða lágmarksupphæð er þó ekki farin hér, enda er mjög torvelt að festa í lögum, hvað styrkur skuli vera minnstur, sökum hinna öru verðlagsbreytinga, sem eiga sér stað frá ári til árs. Hér er aftur á móti sú lausn fundin, að sérfróð nefnd geri áætlun um nauðsynlegan framfærslukostnað heimila, samkv. gildandi verðlagi á hverjum tíma og á hverjum stað.

Það virðist ekki nema sanngjarnt, að slík nefnd sé skipuð af yfirstjórn framfærslumálanna, ríkisstjórninni, þegar ríkið verður eitt framfærsluhérað. Það er að visu mikill galli, að slík nefnd hefði hið afgerandi orð um upphæð framfærslustyrks og styrkþurfum yrði lokuð sú leið að áfrýja úrskurði hennar. Hinsvegar yrði sú skrá, sem hún semdi yfir þurftarstyrk, réttur styrkþega á hverjum stað, sem hann gæti krafizt að fá greiddan, ef hann þyrfti fullan styrk.

Því verður að treysta, að slík nefnd skoðaði það fyrst og fremst skyldu sína að ákveða gjaldskrána þannig, að miðað sé við þá upphæð, sem á hverjum stað verður að teljast nauðsynleg til sómasamlegrar framfærslu heimilis.

2. **gr. frv.** Þessi breytingartillaga er gerð með tilliti til þess, að foreldraráð og framfærsluskylda fylgjast ekki alltaf að. Faðir hefir t. d. aldrei foreldraráð yfir óskilgetnu barni sínu. Kona hans hefir því enga framfærsluskyldu við óskilgetin börn manns síns, hversu góðar ástæður sem hún hefir. Eru dæmi til þess, að Reykjavíkurbær hefir ekki getað endurkrafið meðlag frá efnuðum föður vegna þess, að konan hafði fjárráðin á heimilinu.
3. Við 7. gr. laganna er gerð breyting, sem heimilar framfærsluþurfa, sem á framfærsluskylda frændur á lífi, að kjósa sér sjálfir dvalarstað, þar sem fjölda-
mörg dæmi eru til þess, að nú verða þeir annaðhvort að hálfsvelta til þess að komast hjá því að leita til sveitar eða framfærslumanna sinna eða þá að dvelja sér um geð á heimili framfærslumanns. Þetta ákvæði nügildandi laga hefir í mörgum tilfellum eyðilaggt heimilislífið og komið af stað missætti, sem hefði mátt komast hjá.
4. Breytingin við 12. gr. laganna er ein hin mikilvægasta, sem gerð er við lögin, þar sem er ákvæðið um, að ríkið skuli vera eitt framfærsluhérað. Þar með er fengin trygging fyrir því, að hinn illræmdi sveitarflutningur hverfur, enda gerir frv. alstaðar skýlausan sjálfsákvörðunarrétt styrkþurfans, sbr. og breyt. við 7., 39., 41. og 50. gr. laganna..

5. **14. gr. frv.** Reynslan hefir sýnt, að verst er séð fyrir í nágildandi lögum heimilum, þar sem húsbóndinn er fatlaður, veikur eða fjarvistum um lengri tíma. Úr þessu er reynt að bæta með því að koma þessum heimilum undir sömu ákvæði og heimilum ekkjunnar.
6. Í **17. gr. frv.** er tekið upp það nýmæli að láta greiða meðlög hjá lögreglustjórum, í stað þess að nú annast bæjar- og sveitarstjórnir slíkar greiðslur. Réttara virðist og sanngjarnara, að ríkið greiði meðlög með börnum, og myndi þetta fyrirkomulag á greiðslu styrksins verða til mikils hagræðis fyrir barnsmæðurnar.
7. **20. gr. frv.** Það hefir komið í ljós við framkvæmd framfærslulaganna, sem og ýmsra annara laga, að jafnvel hagkvæm ákvæði geta snúizt til tjóns í höndum þeirra, sem ýmist eru miður velviljaðir eða ekki þekkja nægilega ástæður, kjör og hugsunarhátt fólksins, sem lögin ná til. Með því að láta verklýðsfélögin eða fulltrúaráð þeirra kjósa einn manni í framfærslunefnd, er fengin nokkur trygging fyrir því, að réttur framfærsluþurfa sé ekki fyrir borð borinn vegna vanþekkingar á kjörum hans. Í sveitum þótti hinsvegar ekki fært að setja þetta ákvæði, með því að víða eru þar engin verklýðsfélög starfandi, enda sumstaðar óþarflega viðamikil að hafa sérstaka framfærslunefnd.
8. **27. og 28. gr.** eru samhljóða 7. og 8. gr. frv., sem Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson fluttu á síðasta Alþingi, og visast því hér til greinargerðar með því frv., svo hljóðandi:

„Í 8. gr. frv. eru tvær nýjar smábreytingar. Önnur er smávægileg breyting á 2. málsg. 44. gr., er ekki þykir ástæða að ræða frekar um. Hin er auki við sömu framfærslulagagrein (44. gr.), þar sem lögreglustjóra er heimilað að úrskurða um bráðabirgðahjálp til framfærsluþurfa. Hefir þetta verið gert einstöku sinnum í Reykjavík, án þess að til þess væri skýr heimild í framfærslulögunum. Þykir því réttara að hafa til þess ákveðna lagaheimild.“
9. **29. gr. frv.** Hörmulegur misbrestur hefir löngum verið og er enn á uppeldi munaðarlausra barna, sem sveitarstjórnir eiga að sjá fyrir. Með þessari grein er viðurkenndur réttur slíkra barna til eigi lakara uppeldis heldur en þess, er hjargálna foreldrar reyna að veita börnum sínum.
10. **30. gr. frv.** Þessi niðurfelling sýnist tæplega þurfa skýringar við. Virðist það í alla staði óréttlæt看legt, að þó fólk hafi neyðzt til að fá styrk eða lán hjá sveitinni, þá sé það undir öðrum réttarfarslögum en aðrir ríkisborgarar, eða að það sé svipt fjárráðum af þeim einum ástæðum, að það hefir komizt í skuld við sveitina.
11. **31. gr. frv.** Með því að breyta 49. gr. laganna á þann hátt, sem hér er gert, er öllum gert jafnt undir höfði, hvort sem þeir þiggja framfærslustyrk og „fara ráðlauslega með efni sin“, eins og segir í greininni, eða svalla út kaupi sínu, svo að heimilið verður oft verr stætt heldur en fyrirvinnulaust. Þessi takmörkun á fjárforræði, sem um getur í frv., virðist vera nægileg, enda hætt við, að ákvæðum 49. gr. verði misbeitt.
12. **32. gr. frv. (a).** Það þykir einsætt, að sveitarstjórnnum og öðrum, sem um framfærslumál fjalla, beri siðferðisleg og þjóðfélagsleg skylda til að sjá vinnufærum mönnum fyrir vinnu, í stað þess að gera menn að æfilöngum styrkþegum, svo sem oft vill verða, ef um langvarandi atvinnuleysi er að ræða, sem drepur niður bæði líkamlega krafta og viljaþrek manna. En sú vinna, sem mönnum er fengin, verður að vera valin við hæfi hvers eins og ekki sem ófrjálsra manna vinna.
13. **45. gr. frv.** Það virðist með öllu ástæðulaust að láta framfærsluskuldir hrúgast upp á þá menn, sem sýnilega verða aldrei færir um að greiða þær, jafnvel þótt heimilishagur þeirra batnaði svo, að þeir gætu komizt af hjálparlaust, enda til litillar uppörvunar fyrir styrkþega, ef þeir eiga að rogast með margra ára

skuldasúpu, vitandi það, að hver eyrir, sem viðkomandi aflaði sér fram yfir brýnustu þarfir, yrði tekinn til lækkunar á skuldinni.

14. **46. gr. frv.** er um niðurjöfnun framfærslustyrksins á milli sveitarfélaganna, og er þar farið eftir frv. Jóns Baldvinssonar á þinginu 1932 (þingskjal 159).